



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

160. FUNDUR SKÓLANEFNDAR

15. febrúar 1991

Mættir: Guðbjörg Ingimundardóttir, varaformaður, Kristbjörn Albertsson, Þorvaldur Sigurðsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Jón Páll Eyjólfsson og Hjálmar Arnason, skólameistari.

Dagskrá: 1. Húsnæðismál
2. Önnur mál

1. Húsnæðismál.


Ymislegt hefur verið gert í húsnæðismálum frá síðasta fundi. Undirnefnd skólanefndar fór á fund fjármálaráðherra og fulltrúa úr Menntamálaráðuneyti. Einnig var farið á fund forsætisráðherra. Þeir tóku allir vel í erindi nefndarinnar. Þingmönnum kjördæmisins hefur verið send gögn um málið. Haldinn var fundur með sveitarstjórnarmönnum þar sem staða málið var kynnt. Samþykkt að fela Kristbirni að fá umboð sveitarfélaganna og Hjálmari að ræða við Hörð Lárússon í Menntamála-
ráðuneytinu til að fá faglega viðurkenningu á byggingunni, fá arkitekt hússins á fund með undirnefnd og fá þingmenn kjördæmisins á fund um málið að ósk forsætisráðherra.


2. Önnur mál.

- Borist hefur staðfesting ráðuneytis á ársleyfi Þórs Stefánssonar frá 1. janúar 1991.
- Sköpunardagar tókust vel og eru formanni NFS og Sköpunardaganefnd ásamt félagsmálafulltrúum skólans færðar þakkir fyrir vel unnin störf.
- Borist hefur bréf frá Brunavörnum Suðurnesja þar sem gerðar eru athugasemdir við brunavarnir í skólanum. Akveðið að senda bréf til byggingadeildar Menntamálaráðuneytis og leita ráða hvernig bregðast megí við kröfum um bætta brunavarnir.
- Borist hefur bréf frá Ernu h.f. vegna skólamerks. Skólanefnd tekur vel í erindið og felur skólameistara að skoða málið nánar í samvinnu við formann NFS.
- Borist hefur erindi frá Sparisjóði Keflavíkur þar sem farið er fram á samstarf við FS vegna fyrirhugaðrar þjónustu við námsmenn. Einnig var kynnt hugmynd að útgáfu skóladagbókar. Fundarmenn taka vel í erindið og samþykkja að stuðla að útgáfu dagbókarinnar.
- Borist hefur umsókn frá bókasafnsfræðingi skólans um styrk til að sækja ráðstefnu um tölvunotkun í bókasöfnum í London 25. - 27. febrúar n.k. Samþykkt að veita styrk sem nemur fargjaldi.

- g) Kynnt bréf frá ráðuneyti þar sem það heimilar fyrir sitt leyti Skólameistarafélagi Íslands að fara í náms- og kynnisferð til Hollands og Belgíu. Skólanefnd mælir með því að skólameistari FS fari í þessa ferð.
- h) Á síðasta fundi skólanefndar var rætt um námskeið fyrir innflytjendur sbr. fundargerð. Nokkru síðar komu fulltrúar frá þessum hópi á fund skólameistara með lista yfir 25 manns sem hafa áhuga á slíku námi. Það munu vera allir úr hópnum á Suðurnesjum. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að styrkja þetta framtak og allar líkur benda til að námskeiðið geti hafist í næstu viku.
- i) Flugliðabraut og endurskipulagning hennar er til umræðu. Flest bendir til að stofnaður verði sérskóli þar sem bæði bóklegt og verklegt nám verði saman.

Fleira ekki gert og fundi slitið


Guðbjörg Ingimundardóttir
varaformaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari